

Lyfja Skeifunni
Skeifunni 11B
108 Reykjavík

Reykjavík, 28.6.2021

Tilvísun: 5.2.3.17 / Málsnúmer: 2021060198

Efni: Staðfesting á undanþágu frá mönnunarákvæði lyfjalaga

Lyfjastofnun staðfestir að sú ákvörðun, dags. 15. apríl 2021, um að heimila að fram til 1. mars 2022 starfi einungis einn lyfjafræðingur við afgreiðslu lyfseðla og fræðslu og ráðgjöf um rétta notkun og meðhöndlun lyfja á almennum afgreiðslutíma í Reykjavíkur Apóteki Skeifunni 11B heldur gildi sínu eftir rekstrarleyfishafaskipti og nafnabreytingu lyfjabúðarinnar.

Með vísan til 5. mgr. 37. gr. lyfjalaga heimilar því Lyfjastofnun að fram til 1. mars 2022 starfi einungis einn lyfjafræðingur við afgreiðslu lyfseðla og fræðslu og ráðgjöf um rétta notkun og meðhöndlun lyfja á almennum afgreiðslutíma í Lyfju Skeifunni.

Heimild þessi er bundin við að þjálfað starfsfólk sé lyfjafræðingnum til aðstoðar og að reglubundið mat fari fram á álagi og sérstökum álagspunktum sem kunna að myndast og að gripið sé til aðgerða með lyfjafræðilegri mönnun til að bregðast við því álagi ef það myndast. Lyfjastofnun áskilur sér rétt til að afturkalla heimildina verði stofnunin vör við að skilyrði þessi séu ekki uppfyllt.

F.h. Lyfjastofnunar,

Viðar Guðjohnsen

Bréf þetta er undirritað með fullgildri rafrænni undirskrift samkvæmt lögum nr. 55/2019 um rafræna auðkenningu og traustþjónustu fyrir rafræn viðskipti.